

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrartröð 14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 3. mars 2010 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti vegna Eyrartröðar 14. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir 70 m² byggingu vestast á lóðinni og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,44 í 0,5. Bílastæðum fækkar úr tíu í sex. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 22. mars 2010,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud. 9. apríl 2010